

Nafn

Heimili

Kennitala

		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla			Hlutabréfaeign í lok árs		
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	13a	14	15	16	
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð keyþra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagnaður/sölutap	Arður	Dagsetn. arðgr.	Staðgreiðsla af arði	Nafnverð	Kaupverð (stofnverð)	
		<b>A Almenn hlutabréf</b>															
		<b>Samtals</b>															

		<b>B Sérstök hlutabréf</b>															
		<b>Samtals</b>															

Land	Nafn hlutafélags	Nafnverð/fjöldi hluta	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð/fjöldi hluta keyþra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði/fjöldi hluta	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð/fjöldi hluta seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagnaður/tap	Arður	Dagsetn. arðgr.	Fjöldi hluta	Nafnverð	Kaupverð	
		<b>C Erlend hlutabréf</b>															
		<b>Samtals</b>															

## Leiðbeiningar um útfyllingu

Eyðublaðið er þrískipt. Í kafla A skal færa öll hlutabréf í innlendum félögum sem ekki sæta sérstakri skattlagningu. Í kafla B skal færa hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990 til 1996 í félögum sem uppfylltu tiltekin skilyrði og ríkisskattstjóri hafði staðfest. Fjárfesting í þessum hlutabréfum gat komið til lækkunar á tekjuskattsstofni. Söluhagnaður þessara bréfa, allt að 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum er skattfrjáls. Í kafla C skal færa erlend hlutabréf.

**Hlutabréfaeign í upphafi árs:** Í dálkum 3 og 4 skal tilgreina nafnverð og kaupverð/stofnverð bréfa sem framteljandi átti í félaginu í byrjun árs. Sjá töflu á bakhlið fyrir útreikning á kaupverði. **Ef upplýsingar um kaupverð hlutabréfa finnast ekki er dálkur 4 hafður auður og ekki þarf að fylla út töflu á bakhlið.** Vakin er athygli á því að þegar að sölu hlutabréfa kemur mun kaupverðið koma til frádráttar söluverði við útreikning söluhagnaðar.

**Ef framteljandi fyllti út eyðublaðið RSK 3.19 í fyrra, þá færast nafnverð og kaupverð úr dálkum 15 og 16 í fyrra í dálka 3 og 4 í ár. Þá þarf ekki að fylla út töflu á bakhlið.**

**Kaup:** Hér skal færa inn nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem keypt voru á árinu 2018. Gera skal nánari grein fyrir kaupunum á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu seljanda og kaupdegi. Innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélags eða við hlutafjárukaungu jafngildir kaupum á hlutabréfum og skal því færa innborgunina í þennan kafla.

**Breyting:** Hér skal gera grein fyrir öllum hækkunum og lækkunum sem urðu á nafnverði og kaupverði hlutabréfa á árinu af öðrum ástæðum en kaupum og sölu. Í dalk 7 skal færa hækkun eða lækkun á nafnverði og í dalk 8 skal færa hækkun eða lækkun á kaupverði. Nánari grein skal gera fyrir þessu í töflu á bakhlið.

**Sala:** Hér skal færa inn söluverð og nafnverð hlutabréfa sem seld voru á árinu 2018. Gera skal nánari grein fyrir sölu á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu kaupanda og söluþegi. Í dalk 11 skal færa kaupverð seldra hlutabréfa. Ef ekki er seld öll hlutabréfaeign í félagi skal færa í dalkinn sama hlutfall af heildarkaupverði hlutabréfa í félaginu og nafnverð hinna seldu hlutabréfa af heildarnafnverði hlutabréfa í félaginu fyrir sölu. Í dalk 12 skal færa söluhagnað eða sölutap, sem er mismunur á söluverði í dalk 9 og kaupverði seldra hlutabréfa í dalki 11. Tap af sölu hlutabréfa er heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

**Arður og staðgreiðsla:** Arður sem fenginn var á árinu og staðgreiðslu sem haldið var eftir af honum fara í dálka 13 og 14. Arð og afdreigna staðgreiðslu skal eftir atvikum færa í kafla 3.5 og 3.6 á framtali. Dagsetningu þegar arður var greiddur skal færa í dalk 13a.

**Hlutabréfaeign í lok árs:** Nafnverð bréfa í eigu framteljanda í árslok er fært í dalk 15 og á það að stemma við fjárhæðir í dálkum 3, 5, 7 og 10, þ.e. nafnverð bréfa í ársbyrjun (3), plús nafnverð keyþra bréfa (5), hækkun/lækkun vegna annarra breytinga (7) mínus nafnverð bréfa sem seld voru á árinu (10). Sama gildir um kaupverð/stofnverð sem fært er í dalk 16, það á að stemma við upplýsingar í dálkum 4, 6, 8 og 11.

**Nafnverð íslenskra hlutabréfa skv. dalki 15 skal færa í lið 3.5 á framtali, sem eign í árslok. Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í lið 3.6 á framtali, en færa skal kaupverð í lið 3.6 ef nafnverð er ekki þekkt.**

**Erlend hlutabréf:** Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í dálka fyrir nafnverð/fjöldi hluta, annars skal færa fjölda hluta. Ef notað er nafnverð er það fært í dalk 15 og ekkert í dalk 14. Ef nafnverð er ekki þekkt skal færa fjölda hluta í dalk 14 og ekkert í dalk 15. **Aldrei skal því færa bæði í dálka 14 og 15 hjá erlendu félagi.**

### Útreikningur á söluhagnaði

**Reitur 17** - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir sérstök hlutabréf.

**Reitur 18** - Í þennan reit skal færa frítekjumark þessara bréfa sem er 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum. Þó aldrei hærrí fjárhæð en hagnaður í reit 17.

**Reitur 19** - Í þennan reit skal færa fjárhæð í reit 17 að frádreginni fjárhæð í reit 18.

**Reitur 20** - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir almenn hlutabréf.

**Reitur 21** - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir erlend hlutabréf.

**Reitur 22** - Í þennan reit skal færa samtölu söluhagnaðar/sölutaps úr reitum 19, 20 og 21.

## Útreikningur á söluhagnaði

Söluhagnaður sérstakra hlutabréfa	Frítekjumark	Mismunur á reitum 17 og 18
17	18	19
<b>Almenn hlutabréf hagnaður/tap</b>		20
<b>Erlend hlutabréf hagnaður/tap</b>		21
<b>Söluhagnaður/tap alls</b>		22

**Hagnaður af sölu hlutabréfa færast í reit 164, kafla 3.8 á framtali. Sölutap er ekki fært á framtal.**

